

hann enn eftir viku fresti til að rita greinargerð. Stefnandi neitaði öllum frekari fresti í þessu skyni. Var atriðið þá tekið til úrskurðar.

Þar sem fallast má á, að stefndi hafi þegar fengið nægan frest til þess að tjá sig um kröfur stefnanda, verður að synja honum um frekari frest til að rita greinargerð.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Þriðjudaginn 22. febrúar 1955.

Nr. 33/1955. **Guðmundur H. Þórðarson**

gegn

Þorbirni Hjálmssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Málflutningsfrestur. Réttarfarssekt.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 18. f. m. hefur sóknaraðili kært úrskurð, upp kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 15. s. m. í máli varnaradilja gegn sóknaraðilja og Kjötbúð Vesturbæjar, en með úrskurði þessum var stefndu í héraði synjað um frest í málinu.

Hæstarétti hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð í máli þessu, en ætla verður, að sóknaraðili kæri úrskurðinn í því skyni að fá framhaldsfrest þann, sem héraðsdómari synjaði um.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur, þar sem hans hefur ekki verið krafizt.

Ljóst er, að kæra þessi er gerð í því einu skyni að tefja bæjarþingsmálið að óþörfu, og er hún því misnotkun á kæruheimild laga nr. 85/1936. Samkvæmt 3. tölulið 1. mgr. 188. gr. sömu laga og lögum nr. 14/1948 verður sóknaraðilja, Guðmundi H. Þórðarsyni, því dæmt að greiða 500 króna sekt

til ríkissjóðs, og komi varðhald þrjá daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki á fjórum vikum frá birtingu dóms þessa.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Guðmundur H. Þórðarson, greiði 500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald þrjá daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki á fjórum vikum frá birtingu dóms þessa.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 15. janúar 1955.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 11. þ. m., hefur Þorbjörn Hjálmsón, Keflavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 4. og 10. desember 1954 gegn Ársæli Jónssyni f. h. Kjötbúðar Vesturbæjar, Hafnarfirði, og Guðmundi H. Þórðarsyni, Lækjargötu 10 B, Reykjavík, til greiðslu víxils að fjárhæð kr. 12.598.70, útgefins 12. ágúst 1954 af stefnda Guðmundi, og samþykkt af stefnda Ársæli f. h. Kjötbúðar Vesturbæjar, til greiðslu í Útvegsbankanum, hér í bæ, 12. nóvember 1954, en víxill þessi var afsagður sökum greiðslu-falls í Keflavík þann 15. nóvember 1954.

Hefur stefnandi krafist þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða fjárhæð víxilsins, kr. 12.598.70, með 7% ársvöxtum frá gjalddaga hans til greiðsludags, $\frac{1}{3}\%$ víxilfjárhæðarinnar í kostnað, 100.00 í afsagnarkostnað, kr. 31.20 í stimpilkostnað og málskostnað að mati dómarsins.

Mál þetta var þingfest 14. desember 1954, og fengu stefndu þá frest til að rita greinargerð til 11. þ. m. Á bæjarþingi þann 11. þ. m. óskuðu þeir enn eftir viku fresti til að rita greinargerð. Var þeim fresti mótmælt af hendi stefnanda, og var atriðið síðan tekið til úrskurðar.

Þar sem hér er um víxilmál að ræða, verður að fallast á það með stefnanda, að stefndu hafi þegar haft nægan frest til að rita greinargerð. Verður því að neita um frekari frest í því skyni.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.